



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. október 2019.

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis). 150. Löggjafarþing 2019-2020, þskj. 94, 94. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita barni yngra en 18 ára dvalarleyfi hér á landi ef foreldri þess dvelur hér löglega sbr. lög um útlendinga, nr. 80/2016.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð meðfylgjandi því. Í 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er skýrt tekið fram að barn eigi rétt á að njóta ummönnunar foreldra sinna og ennfremur er kveðið á um í 9. gr. sama samnings að tryggja skuli að barn sé ekki skilið frá foreldri sínu. Með frumvarpi þessu eru því vissulega stigin skref í rétta átt og vafalaust um réttarbót að ræða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri